

Stefna leikskóla Kópavogs í málefnum barna af erlendum uppruna

Ísland er þátttakandi í fjölbreytilegu samfélagi þjóða.

Leikskólar Kópavogs starfa samkvæmt lögum um aðalnámskrá leikskóla og þar er gert ráð fyrir að leikskólinn sé fyrir öll börn, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu, tungu eða trú. Leikskólinn á að hjálpa börnum frá öðrum menningarsvæðum til að vera vikrir þátttakendur í hinu nýja samfélagi, þannig að þau öðlist sjálfsöryggi í hinu nýja umhverfi. Börn þurfa að læra að hver þjóð hefur sína sérstæðu menningu sem ber að meta og virða á jafnréttisgrundvelli og þannig sé unnið gegn fordómum.

Börn af erlendum uppruna eru börn sem eiga báða eða annað foreldri af erlendum uppruna og hafa ekki vald á íslenskri tungu, hafa annað móðurmál og eru þar af leiðandi tvítyngd.

Leikskólar Kópavogs veita börnum af erlendum uppruna, sem ekki tala íslensku forgang í leikskóla og sérkennslutíma í íslenskukennslu og félagslegri aðlögun.

Leikskólar Kópavogs hafa það að markmiði að efla og bæta þjónustu og samvinnu við erlendar fjölskyldur (Stefna Kópavogs í málefnum útlandinga, *Samfélag fyrir alla* 2001). Mikilvægt er að efla samskipti og samvinnu við foreldrana og fá þá til liðs við leikskólann í þeim tilgangi að gera menningu þeirra sýnilegri og eðlilegri þátt í starfi leikskólans. Einnig að kynna starfsemi leikskólanna fyrir foreldrum.

Til að hægt sé að bæta þjónustu við börn og foreldra af erlendum uppruna þurfa að liggja fyrir ýmsar bakgrunnsupplýsingar eins og hvernar þjóðar foreldrar eru og hvaða tungumál er talað á heimilinu. Í fyrsta viðtali með foreldrum og túlki, ef þörf er á, skal kynnt sú þjónusta sem leikskólarnir veita ásamt því að farið er í gegnum aðlögun og fleira sem snýr að veru barnsins í leikskólanum. Stefna skal að því að fjölmennningarleg kennsla verði eðlilegur hluti í öllu námsumhverfinu (tal-og ritmál, leikföng, bækur, hefðir og siðir, o.fl.).

Til að ná þessum markmiðum er mikilvægt að leggja áherslu á eftirfarandi:

- Upplýsingar um starfsemi leikskólans og eyðublöð séu til á erlendum tungumálum.
- Útbúa móttökuáætlun fyrir erlenda foreldra og börn þeirra.
- Fá aðstoð túlka í samskiptum við foreldra eftir því sem þurfa þykir.
- Fræðslu og þjálfun starfsfólks.
- Hvetja foreldra til að tala móðurmál sitt við barnið.
- Stuðla að því að tungumál barnsins verði sýnilegt og heyranlegt í leikskólanum.
- Hvetja foreldra til að kynna tungumál sitt og menningu fyrir börnum og starfsmönnum